



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga um stöðugildi í Barnavernd Reykjavíkur

Á fundi velferðarráðs þann 24. maí 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um stöðugildi í Barnavernd Reykjavíkur:

Lagt er til að auka fjárhagsramma Barnaverndar Reykjavíkurborgar um 45 m.kr. á árinu 2023 til að halda núverandi mönnun. Eitt og hálf stöðugildi yrði fjármagnað í gegnum samninginn um samræmda móttöku flóttafólks, alls 19 m.kr. og tvö stöðugildi úr borgarsjóði, alls 26 m.kr.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillögunni var vísað til borgarráðs.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins skilur vel að fjölga þurfi stöðugildum hjá Barnavernd Reykjavíkur. Flokkur fólksins hefur ávallt stutt allar tillögur um kerfisbreytingar og fjölgun stöðugilda til að bæta skilvirkni og fagmennsku hjá Barnavernd. Tilkynningum hefur fjölgað til Barnaverndar vegna þess að skólar og foreldrar eru í æ fleiri tilfellum ráðalaus og fá ekki nauðsynlega aðstoð innan skólakerfisins. Um er að ræða mál sem mörg hver voru áður unnin á vettvangi skólanna t.d. hjá skólasálfræðingi. Taka má dæmi um skólaforðunarvandamál en árið 2019 voru tilkynningar um skólaforðun til Barnaverndar 67, árið 2021 voru þau 46 en árið 2022 eru málin um 70. Með því að tilkynna mál til Barnaverndar geta tilkynnendur verið öruggir um að mál þeirra fái skoðun. Samkvæmt lögum ber Barnavernd að skoða málið innan ákveðins tímafrests og athuga hvort ástæða sé til þess að það fari í svokallaða könnun. Þetta er vissulega fýsilegri kostur en að bíða endalaust eftir að barnið komist til fagfólks skólaþjónustu en biðlisti eftir t.d. sálfræðingi og fleira fagfólki er nú 2498 börn en á listanum voru 400 börn árið 2018.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllt

Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um stöðugildi í Barnavernd Reykjavíkur, lögð fram á fundi velferðarráðs 24. maí 2023.



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Stöðugildi í Barnavernd Reykjavíkur

Lagt er til að auka fjárhagsramma Barnaverndar Reykjavíkurborgar um 45 m.kr. á árinu 2023 til að halda núverandi mönnun. Eitt og hálf stöðugildi yrði fjármagnað í gegnum samninginn um samræmda móttöku flóttafólks, alls 19 m.kr. og tvö stöðugildi úr borgarsjóði, alls 26 m.kr.

Forsaga

Árið 2020 var samþykkt til skamms tíma að fjölga stöðugildum um 10 í Barnavernd Reykjavíkur. Var tilgangur þess fyrst og fremst að mæta langvarandi uppsöfnuðum vanda vegna álags og málafjölda og þess yfirvofandi álags sem var í starfsemi Barnaverndar vegna Covid faraldursins. Það er mat velferðarsviðs Reykjavíkurborgar að ekki sé tímabært að hverfa að fullu frá þessari aukningu.

Þegar samþykkt var að fjölga stöðugildum hjá Barnavernd Reykjavíkur var lagt upp með að gerðar yrðu breytingar á teymaskipan. Tvö fósturteymi voru sameinuð í eitt og haustið 2020 tók til starfa könnunar- og meðferðarteymi barna af erlendum uppruna og heimilisofbeldismála. Forsenda fyrir stofnun og mönnun teymisins var sá aukni fjöldi stöðugilda sem samþykktur var á árinu 2020. Teymið tók í kjölfarið við málum barna af erlendum uppruna sem áður voru í vinnslu í öðrum teymum og hefur síðan tekið við öllum slíkum nýjum málum.

Þegar óskað var eftir auknum fjölda stöðugilda af hálfu Barnaverndar Reykjavíkur gerðu forsendur ekki ráð fyrir að slíkt yrði til eins árs og hefur verið óskað eftir viðauka til að viðhalda mönnun tvisvar áður eða fyrir árið 2021 og 2022. Þó voru vonir að sjálfsgöðu bundnar við að, að einhverju leyti yrði um tímabundna ráðstöfun að ræða, til að mæta auknum fjölda tilkynninga og breyttum þjóðfélagsaðstæðum vegna Covid faraldursins en að miklu leyti var um að ræða tillögur til að mæta uppsöfnuðum og langvarandi vanda vegna álags og málafjölda hjá Barnavernd Reykjavíkur.

Þróun 2020 - 2023

Ráðningar í framangreind stöðugildi voru að fullu komnar til framkvæmda um mitt ár 2021. Um eitt til tvö ár tekur að fullþjálfra ráðgjafa hjá Barnavernd Reykjavíkur og því ljóst að frá og með árinu 2023 eru þau stöðugildi sem um ræðir komin að fullu til notkunar.


Á þessum tíma hafa einnig orðið aðrar breytingar í mönnun og skipulagi Barnaverndar Reykjavíkur. Ber þar helst að nefna að frá því í maí 2021 hefur verið starfandi einn skrifstofustjóri og einn framkvæmdastjóri en í skipulagsbreytingum sem samþykktar voru af velferðarráði 2019 var gert ráð fyrir tveimur skrifstofustjórum og einum framkvæmdastjóra. Þá fluttust tiltekin verkefni frá Barnavernd Reykjavíkur til Umdæmisráðs Barnaverndar um síðustu áramót og með eitt stöðugildi sérfræðings. Gætt hefur verið aðhalds í mannaráðningum og

reynt eftir fremsta megni að flytja verkefni frá sérfræðingum til ófaglærðs starfsfólks, að því marki sem hægt er.

Ekki er gert ráð fyrir framangreindri fjölgun stöðugilda í fjárhagsramma Barnaverndar fyrir árið 2023 og er því frávik á þeim lið í þriggja mánaða uppgjöri upp á kr. 10,5 m.kr. Til að halda núverandi mönnum í Barnavernd Reykjavíkur þarf því viðbætur í fjárhagsramma 2023 upp á kr. 45 m.kr.

Tölfræði 2020 - 2023

Fjöldi tilkynninga jókst í kjölfar Covid faraldursins og fjölgaði tilkynningum milli árána 2019 og 2020 um 14%. Á árinu 2021 fækkaði tilkynningum um 6,8% og árið 2022 stóðu þær í stað m.v. árið 2021. Sjá töflu 1.



Tafla 1: Fjöldi tilkynninga á ársgrundvelli

Á árinu 2022 náðist ágætur árangur við að fækka málum á biðlista og stytta þann tíma sem leið frá því mál var opnað og þar til því var úthlutað til ráðgjafa. Sjá töflu 2.

Ár	Meðalaldur við úthlutun (í vikum)	Meðalfjöldi barna á bið
2020	4,5	117
2021	3,8	106
2022	3,4	103

Tafla 2: Úthlutunartími og biðlisti

Á sama tíma hefur verið lögð áhersla á að fylgja eftir þeim breytingum sem urðu á barnaverndarlögum í janúar 2022, þar sem auknar lagalegar kröfur eru nú um samtal og samráð við börn við vinnslu barnaverndarmála¹. Til að ráðgjafi máls geti fylgt því eftir og byggt upp traust og samstarf við barn í barnaverndarmáli þarf svigrúm og tíma.

Þá er það mat Barnaverndar Reykjavíkur að fjölgun stöðugilda hafi skapað forsendur til að ráðgjafar geti unnið starf sitt af fagmennsku, byggt upp traust við bæði foreldra og börn og náð þannig betri árangri við vinnslu mála. Endurspeglast þessi þróun t.a.m. í niðurstöðum könnunar um „Stofnun ársins“ þar sem starfsfólk Barnaverndar Reykjavíkur var stolt af starfsstaðnum sínum og ánægt í starfi og mældist Barnavernd Reykjavíkur þar almennt hærra en meðaltal fyrir Reykjavíkurborg og velferðarsvið. Þessi árangur er sérstaklega eftirtektarverður þar sem könnunin segir okkur jafnframt að álag sé enn mjög mikið á starfsmönnum og algjörlega úr takti við það sem gerist hjá öðrum starfsmönnum borgarinnar. Þannig telja 79% starfsmanna

¹ Ný 2. mgr. 4. gr. bvl., nýr 2. ml. 1. mgr. 23. gr. bvl.



að álag sé of mikið, meðan meðaltal á velferðarsviði er 52%. Þá hafa starfsmenn Barnaverndar almennt meiri áhyggjur en gengur og gerist hjá öðrum starfsmönnum borgarinnar af því að vandamál komi upp í vinnunni að loknum vinnudegi sem þeir geti ekki leyst.


Vetur og vor 2023

Í vetur hefur heldur dregið úr þeim árangri sem náðist síðla árs 2021 og byrjun árs 2022 en það skýrist fyrst og fremst af auknum fjölda mála vegna barna á flóttu og mikilli fjölgun tilkynninga til Barnaverndar.

Aukning í fjölda flóttamanna hefur lagst þungt á málavinnslu og takmörkuð úrræði eru til vistunar barna í þeirri stöðu.

Gróflega má áætla að um 1-2 stöðugildi fari alfarið í að halda utan um málefni barna sem koma fylgdarlaus frá Úkraínu en Barnavernd Reykjavíkur hefur aðkomu að málum allra þeirra barna, jafnvel þó ekki séu alvarlegar áhyggjur af stöðu þeirra að öðru leyti. Teymi barna af erlendum uppruna hefur verið algjör lykilorð í því að koma málum þessara barna í farveg. Þá hefur þurft að sinna miklu samráði og samtali við önnur kerfi svo sem Útlendingastofnun, Vinnumálastofnum, landamæraeftirlit, ráðuneyti, lögreglu og Barna- og fjölskyldustofu, en allir þessir aðilar koma að því að verklag og vinnsla þessara mála gangi upp. Það er almennt mat þeirra sem koma að þessum málum að kerfin hafi á engan hátt verið í stakk búin til að bregðast við og hafa barnaverndarþjónustur fyrst og fremst í Reykjavík og Suðurnesjum fengið á sína könnu fjölda verkefna sem ekki voru áður á þeirra borði.


Þá eru þungar áhyggjur af þeirri þróun sem við sjáum í vetur í fjölda tilkynninga, en ef fram fer sem horfir stefnir í að árið 2023 verði metár í þeim efnum. Í töflu 3 má sjá fjölda tilkynninga yfir vetrartímann, september – mars.




Tafla 3: Fjöldi tilkynninga september 2022 – mars 2023

Veturinn 2019 – 2020 fór Covid faraldurinn af stað í byrjun árs 2020 og sáust þess strax merki í tilkynningum í mars 2020. Veturinn 2020 – 2021 voru takmarkanir í gildi allan veturinn og að einhverju leyti fyrri hluta vetrar 2021 – 2022. Sú mikla aukning sem við sjáum í tilkynningum í vetur (14% m.v. 2021 – 2022) veldur áhyggjum og enn sem komið er, eru fáar skýringar þar á. Við sjáum þó að tilkynningum frá skóla fjölgar mjög mikið eða um 80% milli ára sé horft á tímabilið janúar – mars (sjá töflu 4). Á fyrstu þremur mánuðum ársins fjölgar tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur um 20% m.v. sama tíma árið 2022 (sjá töflu 5).


Aukning í fjölda tilkynninga í vetur og á fyrstu þremur mánuðum ársins endurspeglar einnig í fjölda mála sem koma til vinnslu hjá Barnavernd Reykjavíkur (sjá töflu 6).



Tafla 4 Tilkynningar frá skóla janúar til mars



Tafla 5: Tilkynningar janúar - mars



Tafla 6: Mál til vinnslu (janúar - mars)

Á sama tíma hefur meðalfjöldi barna á bið eftir úthlutun vaxið nokkuð og eru 129 börn að meðaltali á bið eftir úthlutun á hverjum tíma á fyrstu þremur mánuðum ársins. Hins vegar hefur biðtími styst og er ekki nema 2,5 vikur á fyrstu þremur mánuðum ársins. Meðalbiðtími helst að einhverju leyti í hendur við alvarleika máls, þar sem málum er forgangsraðað í úthlutun og alvarlegri mál fara strax til vinnslu.

Horfur

Það er að svo stöddu engan veginn tímabært eða réttlætanlegt að hverfa frá þeirri aukningu stöðugilda sem samþykkt var árið 2020.

Sú aukning gerði það að verkum að hægt var að setja á fót teymi barna af erlendum uppruna sem sannað hefur gildi sitt og er lykilorð í því að Barnavernd Reykjavíkur hefur getað brugðist við þeirri aukningu og þeim miklu breytingum sem orðið hafa í þeim málaflokki á síðustu 1-2 árum og ekki voru fyrir séðar árið 2020.

Þá sýna tölur um fjölda tilkynninga og fjölda barna á bið hjá Barnavernd Reykjavíkur að Barnavernd Reykjavíkur ræður ekki nægilega vel við stöðu mála eins og hún er í dag. Ef kæmi



til fækkunar stöðugilda á þessari stundu er ljóst að forgangsráða þyrfti málum með enn stífarri hætti en nú er gert, loka fleiri málum, draga úr heimsóknnum til barna og uppbyggingu á meðferðarsambandi. Væri slíkt þvert á markmið og tilgang barnaverndarlaga og ljóst að Barnavernd Reykjavíkur mun ekki sinna lögbundnum skyldum sínum með minni mannafla en er í dag.

Það er eitt af meginmarkmiðum farsældarlaganna og samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna að draga úr fjölda mála sem unnin eru á grundvelli barnaverndarlaga. Þau sveitarfélög sem eru hvað lengst komin í þessum efnum hafa náð umtalsverðum árangri í þessa átt. Þessi vinna er í gangi af fullum krafti í Reykjavík en árangur er ekki enn kominn í ljós að þessu leyti. Gangi þetta eftir, eins og vonir standa til og að öðru óbreyttu, má gera ráð fyrir að hægt verði að horfa til fækkunar stöðugilda hjá Barnavernd Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir að innleiðing farsældarlaganna geti tekið allt að 5 ár.